



Fundargerð Svæðisráðsfundar Ægissvæðis starfsárið 2012 – 2013, annar fundur haldinn 16. febrúar 2013 í umsjá Setbergs í Kiwanishúsinu í Garðabæ.

Fundarsetning. Svæðisstjóri Konráð Konráðsson setti fund kl. 9.00 og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

Svæðisstjóri minntist tveggja látinna félaga Eldborgar, þeirra Brands Þorsteinssonar, sem lést 8. desember og Guðmundar Óla Guðmundssonar sem lést 8. febrúar. Einnig er látin Elísabet Elíasdóttir, eiginkona Jóns Halldórs Bjarnasonar félaga í Eldborg. Fundarmenn risu úr sætum í minningu þeirra.

Mæting. Mættir voru alls 29 þ.a. 4 fulltrúar frá Eldborg, 7 frá Eldey, 1 frá Keili, 1 frá Hofi, 5 frá Hraunborg, 5 frá Setbergi, 3 frá Sólborg og 3 frá Vörðu. Auk þess sat umdæmisstjóri, Hjördís Harðardóttir, fundinn og einnig umdæmisféhirðir Hörður Baldvinsson, Mosfelli.

Gullkorn: Forseti Eldborgar Aage Petersen.

Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin var send á Internetið og var aðgengileg þar. Ekki var óskað eftir að hún væri lesin á fundinum og var hún samþykkt þannig athugasemdalaust.

Morgunverðarhlé.

Skýrsluskil eftir öfugri stafrófsröð klúbba:

Varða: Vigdís Ellertsdóttir, í forföllum forseta

Sólborg: Emelía Dóra Guðbjartsdóttir

Setberg: Aage Petersen

Keilir: Jóhannes Sigvaldason

Hraunborg: Gunnþór Þ. Ingason

Hof: Magnús Eyjólfsson, í forföllum forseta

Eldey: Ingólfur Arnar Steindórsson

Eldborg: Jóhann A. Guðmundsson

Skýrsla svæðisstjóra

Umræður um skýrslur. Umdæmisstjóri þakkaði góðar skýrslur og sagði þær sýna öflugt starf, bæði til fjáröflunar og að innra starfi klúbbanna. Umdæmisstjóri sagði Kiwanisstarfið þurfa að vera sýnilegt. Við þurfum að vera sýnilegri og vekja athygli á góðu starfi og verkefnum Kiwanis. Í innra starfi þarf að ríkja jákvæðni á fundum.

Ávarp umdæmistjóra

Heimstjórn hefur samþykkt að Íslenska-Færeyska umdæmið fái frest til 5 ára til að ná 1000 félaga tölu og þar með að halda stöðu sinni sem fullgilt umdæmi. „Þeirri tölu munum við ná og gott betur.“ Hjördís nefndi stífkrampaverkefnið, sem allir klúbbar á Íslandi og Færeyjum styðja, það sama gildir vart um alla klúbba í Evrópu. Fram hefur komið tilnefning til kjörkjörumdæmistjóra frá Kiwanisklúbbnum Básun. Umdæmisþing verður í Vestmannaeyjum 2015. Umdæmisstjóri áréttaði um skil á mætingabátttöku á fjölgunarráðstefnu umdæmisins og lýsti framkvæmd ráðstefnunnar. Hjördís lagði áherslu á að halda þarf vel utan um nýja klúbba og hvatti klúbbana til að huga vel að að þeim; konum í Kiwanis, ungliðum í Kiwanis.

Undirbúningur hjálmaafhendingar er í góðum farvegi og koma hjálmarir 15. apríl.

Umdæmisstjóri lýsti undirbúningi að húsnæðis kaupum umdæmisins en þau kaup gengu til baka og er annað húsnæði í skoðun.

Samkomutjald

Svæðisstjóri sagði frá samkomutjaldi sem hann keypti s.l. haust með afnot svæðisins í huga, og er í geymslu í Eldeyjarklúbbinu. Hússtjórn Eldeyjarklúbbsins hefur lýst áhuga á að hússjóður eignist tjaldið sem geti m.a. verið til afnota fyrir svæðisútihátíðir.

Sumarhátíð. Jóhanna Einarsdóttir lýsti áformum sínum að halda sumarhátíð svæðisins 28. júní í Garði, en þá er einnig árleg sólstöðuhátíð Garðverja.

Form skýrsluskila. Svæðisstjóri ræddi form skýrsluskila, þ.e. framlagning prentaðra skýrslna á svæðisráðstefnum og hvort ástæða væri til breytinga á. Fram kom vilji til að halda því formi óbreyttu, gott væri að hafa þær fyrir framan sig til að sjá og fylgjast með.

Önnur mál. Emilía Dóra, forseti Sólborgar lýsti kosti prentaðra skýrslna. Ræddi einnig um staðarval sumarhátíðar og lýsti stuðningi sínum við Hellishóla sem hátíðarsvæðis. Dröfn Sveinsdóttir Sólborgu lýsti stuðningi við Garð sem hátíðarsvæðis. Hún lýsti vonbrigðum með viðbrögð klúbba í Ægissvæði við þátttöku í fjölgunarráðstefnunni, aðeins 1 klúbbur hefði tilkynnt um þátttöku.

Árni Hróbjartsson, Setbergi fagnaði mætingu á fundinum og skilaði jafnframt kveðju fyrrverandi umdæmisstjóra Matthíasar Péturssonar.

Guðlaugur Kristinsson, Eldey lýsti stuðningi við Hellishóla. Hann saknaði bréfs vegna fjölgunarráðstefnu. Guðlaugur flutti upplýsingar frá formanni golfnefndar svæðisins, Stefáni R. Jónssyni, um góðgerðargolfmót Eldeyjar sem verður 7. júní n.k. og lýsti veglegum verðlaunum. Golfmót Eldeyjar verður síðan 9. júní og svæðismót Ægissvæðis þann 21. júní.

Guðlaugur sagði frá útsendingu Ísgolfs á Skjá einum og frá framtíðahugmyndum um vinnslu og dreifingu Ísgolfsupptökunnar. Hann kynnti einnig nýja konudagsfjáröflun Eldeyjar.

Jóhanna kjörumdæmisstjóri lýsti kostum Garðs sem samkomustaðar. „Þangað er stutt að fara og því möguleiki á að mæta á svæðið og fara heim að kvöldi.“

Magnús Eyjólfsson, Hofi sagði frá Sólstöðuhátíð Garðverja og frá aðstöðunni sem býðst í Garði.

Hof mun senda fulltrúa á fjölgunarráðstefnuna.

Forseti Keilis, Jóhannes Sigvaldason ræddi um hjálmaverkefnið og fann að óljósum boðleiðum vegna undirbúnings verkefnisins.

Svæðisstjóri, Konráð Konráðsson, minnti á fræðsluráðstefnuna 2. – 3. Mars og Sjávarréttadag Eldborgar 9. mars. Þakkaði góðar skýrslur, góðar umræður, fundarmönnum fundarsetu og þátttöku á fundinum og sleit fundi kl. 11:15

Arnaldur Mar Bjarnason